Nr. 18.
22.
maí.

# Lög

um

hundaskatt og fleira.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hver heimilisráðandi skal á hreppaskilaþingi því, er hann á sókn að, vor hvert telja fram fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta alla heimilishunda sína, er eldri eru en fjögra mánaða í fardögum og skal það framtal rita í sveitarbókina. En á hausthreppaskilum skal telja frá þá hunda, sem farizt hafa um sumarið.

2. gr.

Ef einhver vanrækir að telja fram hunda, eða telur þá rangt fram, eða framtal hans þykir tortryggilegt, gilda um það sömu ákvæði, sem um framtal á tíundbæru lausafje eptir 5., 6. og 7. gr. í lögum 12. júlí 1878 um lausafjártíund.

3. gr.

Hreppstjóri skal senda sýslumanni skýrslu um framtal hunda jafnframt öðrum framtalsskýrslum.

4. gr.

Hver sá heimilisráðandi, er býr á meiru en einu hundraði úr jörðu utan kaupstaða, skal greiða af hverjum heimilishundi sínum, sem eldri er en fjögra mánaða, 2 kr. ár hvert, en aðrir gjaldi 10 kr. Hver heimilisráðandi ábyrgist greiðslu skattsins af þeim hundum, sem hann hefur framtalið, en rjett hefur hann til, að fá skattinn borgaðan hjá lausamönnum, húsmönnum eða öðrum mönnum í sjálfstæðri stöðu af þeim hundum, sem þeir eiga á heimili hans. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu innheimta skattinn á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skipti á manntalsþingum 1891. Í kaupstöðum rennur skatturinn í bæjarsjóð, en annarstaðar í sveitarsjóð, þó svo, að sýslumaður tekur af skattinum sýslusjóðsgjald hreppanna, að því leyti, sem hann til hrekkur, en verði afgangur, skilar sýslumaður oddvitunum honum í peningum.

# Lov

om

## Hundeskat m. v.

Nr. 18.
22de
Maj.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Enhver Husfader har aarlig paa det Foraars-Repsthing, hvortil han hører, for Repstyreren eller Byfogden at angive, hvor mange Hunde, som ved Fardagstid havde fyldt 4 Maaneder, der findes i hans Hjem, hvilken Angivelse indføres i Kommunens Protokol. Men paa Efteraars-Repsthinget fradrages de Hunde, der i Sommerens Løb ere omkomne.

§ 2.

Naar Nogen undlader at angive sine Hunde, eller hans Angivelse findes urigtig eller mistænkelig, gjælde herom de samme Bestemmelser som om Angivelse af tiendepligtigt Løsegods ifølge Lov om Løsegodstiende af 12te Juli 1878 §§ 5—7.

§ 3.

Repstyreren har til Syselmanden at indsende Beretning om Angivelse af Hunde samtidig med Tiendefortegnelserne.

§ 4.

Enhver Husfader, som har til Brug mere end et Hundrede i en Jord udenfor Kjøbstæderne, bør for hver Hund, der findes i hans Hjem, og som har fyldt 4 Maaneder, betale 2 Kr. aarlig. Andre have at betale 10 Kr. Enhver Husfader er ansvarlig for Skattens Erlæggelse af de Hunde, han har angivet, men han har Ret til at erholde Skatten af de Hunde i hans Hjem, som tilhøre Løsemænd, Husmænd eller andre Personer i selvstændig Stilling, betalt hos disse.

Syselmænd og Byfogder have at indkræve Skatten paa hvert Aars Mandtalsthing, første Gang paa Mandtalsthing i 1891. I Kjøbstæderne tilfalder Skatten Kæmnerkassen, andetsteds Kommunekassen, dog saaledes, at Syselmanden afholder Reppernes Bidrag til Syselkassen af Skattebeløbet, forsaavidt dette strækker til, men saafremt der bliver et Overskud tilovers, overgiver Syselmanden dette i Kontanter til Repsforstanderskabernes Formænd.

Nr. 18.
22. maí.

5. gr.

Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnu, er sullir finnast í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullmengað er, að meðtöldum hausum af höfuðsóttarkindum, svo djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða að brenna það. Brot gegn ákvæði þessu varðar allt að 10 kr. sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er uppljóstar, en bæjar- eða sveitarsjóður hinn.

6. gr.

Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn með samráði við hlutaðeigandi hjeraðslækni að semja reglur um lækning á hundum af bandormum, meðferð á sullum úr sauðfje, og gjöra aðrar ráðstafanir, sem henni þurfa þykir, til varnar gegn sullaveikinni, og liggja við sektir frá 1 kr. til 10 kr., ef út af þeim ráðstöfunum er brugðið. Af sýslusjóði og bæjarsjóði má taka fje til framkvæmdar slíkum ráðstöfunum.

7. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á móti lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um hundahald á Íslandi 25. júní 1869.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 22. maí 1890.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 18. Lög 22. maí um hundaskatt og fleira.

§ 5. Nr. 18. 22de Maj.

Enhver, der lader slagte et Husdyr, hvori der findes Blæreorm, skal øjeblikkelig enten nedgrave det befængte Slagteaffald, derunder indbefattet drejesyge Faars Hoveder, saa dybt i Jorden, at Hundene ikke kunne naa det, eller opbrænde det. Overtrædelser af denne Bestemmelse blive at anse med Bøder indtil 10 Kr., hvoraf den ene Halvdel tilfalder Angiveren, den anden vedkommende Kæmner- eller Kommunekasse.

§ 6.

Sysselforstanderskaber og Kommunalbestyrelser have Ret til efter Samraad med vedkommende Distriktslæge at fastsætte Regler om Helbredelse af Hunde for Bændelorm og om Fremgangsmaaden med Hensyn til Blæreorm af Faar, samt at træffe andre Foranstaltninger til Værn imod Ekinokoksygdommen, som de maatte finde fornødne. Overtrædelser af de i saa Henseende trufne Bestemmelser straffes med Bøder fra 1 til 10 Kroner. Udgifter til Iværksættelsen af de paagjældende Foranstaltninger kunne afholdes af vedkommende Sysselkasse eller Kæmnerkasse.

§ 7.

Sager i Anledning af Overtrædelser af nærværende Lov blive at behandle som offentlige Politisager.

§ 8.

Ved nærværende Lov ophæves Forordning om Hundehold i Island af 25. Juni 1869.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 22de Maj 1890.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*